

Fundargerð 17. fundar stjórnar SSA haldinn 21. nóvember 2025

Fundurinn haldinn Teams og hófst 09:30.

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Berglind Harpa Svavarsdóttir (formaður), Þuríður Lillý Sigurðardóttir (varaformaður), Eyþór Stefánsson, Stefán Þór Eysteinnsson og Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir. Jóhann Frímann Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Mætt frá Austurbrú: Bryndís Fiona Ford (framkvæmdastjóri) og Jón Knútur Ásmundsson (fundarritari).

1. Fundargerð SSA nr. 16 til kynningar

2. Ósk um samstarf um fund félagsþjónustu sveitarfélaga og almannavarna

- Bréf frá fulltrúa rannsóknarverkefnisins *Velferð og vá*. Stjórn þakkar fyrir bréfið og felur framkvæmdastjóra að svara því.

3. Bréf til atvinnuvegaráðherra

- Framkvæmdastjóri sagði frá bréfi sem hún hyggst senda atvinnuvegaráðherra um fyrirkomulag rannsóknarverkefnisins *Velferð og vá* um opinber innkaup. Í því hvetur hún til þess að staðbundin matvælaframleiðsla fái aukið rými og tækifæri innan samninganna.

4. Erindi frá Hreindýraráði

- Kynnt var bréf frá formanni hreindýraráðs þar sem stjórn SSA er hvött til að móta skýra stefnu um málefni hreindýra á starfssvæði SSA þar sem veiðar hafa bæði jákvæð efnahagsáhrif en skapa á sama tíma álag á innviði. Stjórn felur framkvæmdastjóra að óska eftir fulltrúa hreindýraráðs á fund stjórnar við fyrsta tækifæri. Stjórn vill jafnframt hvetja hreindýraráð að senda erindið jafnframt á sveitarfélögin.

5. Vaxtarplan fyrir Norðausturhornið

- Framkvæmdastjóri kynnti beiðni SSNE til atvinnuvegaráðherra um stuðning og aðkomu að vaxtarplani fyrir Norðausturhornið. Verkefnið miðar að því að efla innviði og atvinnuuppbyggingu á svæðinu í samræmi við þarfir sveitarfélaganna.
- Stjórn SSA tekur jákvætt í framlagt innviðaverkefni á norðausturhorninu og telur það svæðinu til hagsbóta. Að svo stöddu er ekki um fjárhagslega aðkomu að ræða. Stjórnin setur fyrirvara um að komi til mótframlags vegna styrkumsóknar í C.01 verði það tekið sérstaklega fyrir á ný á vettvangi stjórnar.

6. Sterna - yfirmatsgerð

- Hilmar Gunnlaugsson, lögmaður, kom inn á fundinn og fór yfir stöðuna, helstu niðurstöður yfirmatsins, næstu skref og svaraði spurningum stjórnar.

7. Uppfærð efnahagsgreining Austurlands - til kynningar

- Formaður fór yfir drög að nýrri efnahagsgreiningu sem ráðgjafafyrirtækið Analytica vann fyrir stjórn SSA. Stjórn fagnar skýrslunni en kom með athugasemdir sem framkvæmdastjóri og starfsmenn Austurbrúar vinna áfram í samvinnu við Analytica.

8. Umsagnarbeiðnir til SSA

- Framkvæmdastjóri fór yfir umsagnarbeiðnir sem borist hafa SSA. Send hefur verið umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir. Þá kynnti framkvæmdastjóri drög að umsögn um þingsályktunartillögu er varðar innleiðingu landsbyggðarmats í stefnumótun og lagasetningu stjórnvalda.

Umræður í framhaldinu um umsagnirnar og verklag í kringum í þær.

9. Umsagnarbeiðnir til svæðisskipulagsnefndar

- Framkvæmdastjóri kynnti drög að umsögnum um breytingar á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2020-2040 og á deiliskipulagi hafnarsvæðis á Stöðvarfirði.

10. Fundargerðir og erindi til kynningar

- Sambandið, fundur nr. 988
- SSNV, fundir nr. 131 og 132
- SSNE - haustfundur
- SASS, fundur nr. 629
- SSS, fundir nr. 816, 817 og 49 (aðalfundur)
- SSH, fundur nr. 617

11. Önnur mál

- Framkvæmdastjóri fór yfir minnisblað um skiptingu fjármagns vegna úthlutunar úr Uppbyggingarsjóði. Stjórn samþykkir skiptingu fjármagns til úthlutunar.

Fundi slitið 12:20.

Undirritunarsíða

Berglind Harpa Svavarsdóttir

Þuríður Lillý Sigurðardóttir

Stefán Þór Eysteinsson

Eypór Stefánsson

Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir

Jóhann Frímann Þórhallsson